
Reykjavikurbragur hinn ýngri

1856



811





Guðmundur Torfason

REYKJAVÍKURBRAGUR

HINN ÝNGRI,

EPTIR

G. T.

ÚTGEFENDUR:

Á. OG B.

REYKJAVÍK 1856.

PRENTAÐUR Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS, HJÁ E. ÞÓRÐARSYNI.

Til lesandanna.

Kvæði þetta er búið til fyrir eitthvað tveimur eða þremur árum, og er það kallað: Reykjavíkurbragur hinn ýngri, af því að til er annar eldri bragur um Reykjavík eptir sama manninn, og búið hefur til þennan brag. Á titilblaðinu er bent til þess með stöfunum G og T, hvur höfundurinn er, og munu þessir stafir vera nógir til að einkenna hann, að minsta kosti fyrir þá menn, sem kunnugir eru á miðbiki suðurlands. Með stöfunum Á og B er bent á, hvurjir útgefendurnir sjeu, og heita útgefendurnir þó hvorki Árni eða Bjarni, enn að öðru leyti mun gera lítið til, hvað þeir heita. Það sem helst dróg útgefendurna til að láta prenta brag þennan, var það, að þeim þótti bragurinn smáskrítinn, og ímynduðu þeir sjer, að svo kynni að verða um fleiri; vera má og, að nokkur ábatavon hafi ýtt undir útgefendurna, þó að fáir útgefendur eða rithöfundar vilji kannast við, að þeir láti leiðast af slíkum vonum. Enn hvurninn sem nú alt þetta er, og hvurninn sem brag þessum verður tekið, þá þykjast útgefendurnir þó mega fullyrða, að eitt erindi að minsta kosti sje fullfallegt í honum.

Reykjavík í desemberm. 1855.

Utgefendurnir.

Reykjavíkurbragur

hinn ýngri.

1.

Jeg var á ferð um fölva nóttu,
foræði vóð um grýtta slóð;
tók mig að syfja undir óttu,
á hæð hjá vörðu kyr því stóð;
biltu mjer veitti bróðir hels,
þá bjarminn lýsti fagra hvels.

2.

Ei er mjer ljóst, hvað leingi gisti
lúinn vebönndum dauðans í;
þegar jeg upp reis, yfir lýsti
óhljóðum, skvaldri, harki, gný;
gjörðist nú ys og ógnaskrölt,
sem ótal nauta kuldabrölt.

3.

Mjer varð til litið hægri handar,
húmskýlu fyrir augað brá;
mjer fanst, sem þytu illir andar
út úr hyldýpis myrkri gjá;
reykbræluhnettir hófu köf
hátt, sem úr mestu kolagröf.

4.

Alt eins og milli steins og sleggju,
stóð jeg, og horfði þvílíkt á;
af þessu hissa hvorutveggju
hlaupandi koma mann eg sá;
kondu sæll, vinur, kvað jeg þýtt,
kátur var hinn, og tók því blítt.

5.

Tók jeg nú þegar þennan frjetta,
þá orðin máttu til hans ná:
hvar er jeg staddur? hvað er þetta?
hvaðan er þessi svæla frá?
segðu mjer upp á ást og dygð:
er hjerna nálægt mannabygð?

6.

Hann hlær, og segir: so má kalla,
sýnist þjer hjerna fjaska ljótt?
þú ert ekki með allan mjalla,
eitthvað hefur þig vilt í nótt;
hjer er mannbygð, já heldur rík,
höfuðstaðurinn Reykjavík.

7.

Híngað er gjörð, er helst á liggur,
haust vor og sumar lestaferð;
svölun hjer bæði og saðníng þiggur
sveitafólk, jafnan fyrir verð;
hvurninn innbúum háttað er,
jeg hlýt nú betur segja þjer.

8.

Vökvar hjer brunnur vísindanna
vizkufrækorn og hressir sál;
hjer nema vinir Appolsanna
orðsnild, guðvísi, túngumál
undir þess stjórn, er sómasið,
sanngirni og reglu heldur við.

9.

Prentsmiðju líta þú mátt þarna,
þaðan útgánga frjettablöð;
má henni einginn mælsku varna,
mælt er og, hún sje ekki stöð,
að prenta fræði, reglu og rugl,
ráðleggíngar, og jafnvel þrugl.

10.

Þú sjerð eitt húsið þarna á stángli,
það kallast alment lyfjabúð;
þar sjerðu fólk á reiki og rángli,
af raunum mun sú öldin lúð;
þar er opt blandað súrt og sætt,
súptu í botn, það er óhætt.

11.

Þarna er fulltrúinn döglíngs Dana,
dugrakkur kappi frómt með geð,
sem hvorki abls nje vizkuvana
veglyndi og mannúð hefur tjeð;
hann er, eins og hvur má heyra og sjá,
hermannlegastur velli á.

12.

Hjer gánga Íslands yfirvöldin;
eru þau sjálfsagt dánumenn,
þó geti trautt, sem æskir öldin,
að allra vilja gjört í senn,
og þó þau margur lofi lítt,
lángt er of mikið við þeim hnýtt.

13.

Mæríngar þessir mannúð stunda,
mjög vel þeir kunna laga skil;
þeir vita bæði og vilja skunda
veg þann, er liggur sóma til;
viljirðu fá að þekkja þá,
þeir gánga hjerna, líttu á.

14.

Í röðum grænir, rauðir og bláir,
reifaðir gulli um brjóst og hönd,
enn kaupmenn birtast gulir og gráir,
gljáir á þeirra svarðarlönd;
dökkvir finnast með hvítan háls
hjer reginnaglar bókamáls.

15.

Í húsi því, sem kirkju köllum,
kyrja þeir saung og andleg vess;
hún er ei full á helgum öllum,
hjer fæ eg stundum nógan sess;
sef þá með værð, og vakna í saung,
verður mjer ekki tíðin laung.

16.

Til eru þeir, sem hríngla og hríngja
við hámessur og andlegt starf,
hvurra íþrótt er helst að sýngja;
hjer má og líta vökuskarf
æða, sem ljón, um grýtta grund,
grenjandi á hvurri klukkustund.

17.

Hann hefur staung með stinnum broddi
og stórum, skamt frá enda, bölt;
hann getur kosið hvurn fyrir oddi,
hund, kött, naut, svín, já villigölt,
gjörir þó aungvum manni mein,
meðan friðsemin ræður ein.

18.

Til eru líka tveir á róli
tindilfættir, nær dagur skín;
þegar upp rísa þeir úr bóli,
þá fer að mínka skemtun mín,
verði jeg ei með öllu sýkn,
því ekki gefa þeir hinum líkn.

19.

Þeir ota og pota oddum sínum,
eins og þá kellíng stíngur vil;
þeir standa æ fyrir augum mínum,
einginn sjer þeirra handaskil;
þeir bera staf með hún og hólk,
hjákátlegri enn annað fólk.

20.

Í sömu sporum stundum standa,
stara fram beint á sjerhvurn mann;
ei til vinstri nje hægri handar
horfa þeir, svo að einginn kann
á hegðun þeirra annað sjá,
enn þeim góðsemi leki frá.

21.

Aptur í sama augabragði
eins þeir, og hrútur, stökkva til,
eins og þá kastað ullarlagði
er í harðasta norðanbyl;
þá getur valla mannlegt megn
manntröllum þessum staðið gegn.

22.

Hjer finnast konur, frúr og meyjar,
er farva sig með ýmsum lit;
þær glæsilegu gullhlaðseyjar
gánga lángt yfir mannlegt vit;
jeg fæ ei þeirra fegurð lýst,
frómlyndi og hegðun allra síst.

23.

Kvendin sum gráa kjóla bera
með kransa líns og fljettað hár;
járnbentar, eins og á að vera,
út svo þær fái geingið skár;
svo kurteisar, að ker fult má
koll þeirra setja skaðlaust á.

24.

Þær kveða: jæ er kokkepíe,
kann vals og snakkar dansk,
er feit, enn hitt, að mjólka kýr, og kvíe
kinder, og múkka flór í sveit,
svo skítt, svo tossuð, líðilig,
jeg líð það ei, fjandinn gali í mig.

25.

Einir hafa þá iðn, að mæla
ölfaung, og setja staup á borð;
þeir setja hönd á síðu og skæla
sig, ef að nokkur talar orð,
enn aðrir gera ekki neitt,
andlit á róli bera sveitt.

26.

Líttu, hvar bændalýðurinn geingur
og listamenn úr hvurri átt;
margur er þeirra mætur dreingur,
merkilegur á allan hátt,
enn misjafn sauður í mörgu fje
mig grunar hjer, sem víðar sje.

27.

Hjer sjest og ýmislegur lýður,
sem litföróttur jafnan er;
sá stundum út á sjóinn skríður,
sulturinn þá að dyrum ber,
kveður síðan við kaupmannsborð
kveinstafi, lof og misjöfn orð.

28.

Mjer hefði verið máske skárra,
mælti jeg, þessa næturstund,
að leita kaupmannshúsa hárra,
heldur enn liggja á eyðigrund.
Hann hlær, og gaut mjer augum að:
ekki ber mjer að lasta það.

29.

Þeir aka seglum eptir vindi,
alt þegar gánga vill í kjör,
enn lifa nú við lítið yndi,
laungum vanhagar þá um smjör;
öll búða, veit jeg, opnast göt,
ef boðið getur tólg og kjöt.

30.

Þá taka menn sig bugta og beygja
með býsna mikið fótakrafs;
velkommen, góðe ven, þeir seigja,
ver so artíg, kom inn, tag snafs;
þá skaltu hefja ramb og raup,
ræð samt um ekkert, nema kaup.

31.

Þeim verður aldrei að því bægi,
út til þurfanda að flýta sjer;
þeir eru góðir, gjafahægir,
gestrisni þeirra kvöldsvæf er;
já, þessir kallar koma ei fljótt,
þó knýir dyr um miðja nótt.

32.

Jeg spyr, hvort má á gluggann guða,
gegnir ei fólkið betur því?
Hann kvað: hvað þýðir þvílík suða?
það tíðkast ekki bænum í;
ekki fer betur, uggir mig,
ef þá vagtarinn hittir þig.

33.

Eg kalla fyrir yfirvöldin,
ansa jeg, þann, er ró fær skert;
hann skal fá makleg málagjöldin;
mun á því segjast töluvert,
leggi með reiðum huga hann
hönd á saklausan ferðamann.

34.

O jæja, fyrir yfirvöldin,
orði því seint hann frá sjer vjek,
þau fara að sofa flest á kvöldin,
fátt vita þau um næturbrek;
þau eru stilt og elska frið,
ei gefa þau sig slarki við.

35.

Myrkranna þegar megn á dynur,
úr myrkri skaltu bera fót;
skeð getur margur myrkravinur
úr myrkri sendi skarn og grjót,
því ekki getur myrkramagt
myrkranna her að velli lagt.

36.

Lítinn bug þína leið á gerðu,
lángi þig öls að tæma krús;
kondu í nótt að vestanverðu,
víst muntu finna nýbygt hús;
gáktu að ljóra, ljós hvar skín,
líta mun einhvur brátt til þín.

37.

So skaltu heilsa: heill í ranni!
hefja skulum við lítil kaup;
seljið fátækum ferðamanni
fyrir skildínga nokkur staup;
stattu ei hokinn, hertu þig,
þá hornaláin ýfir sig.

38.

Þá skaltu bera hríng á hendi,
hárið greitt út á vángann sje,
ellegar munu menn og kvendi
mjög að þjer færa háð og spje;
fólk er hjer útásetníngssamt
við sveitafólk og hæðnistamt.

39.

Íslenzka túngu mátt' ei mæla,
menn kunna lítt á henni skil;
kokaðu, sem þú ætlir æla
einhvurju, sem ei hefur til;
kreistu svo orðin upp úr þjer,
alt eins og sumir gjöra hjer.

40.

Ei vil eg ljúga á þá stygðum,
eða vansæma þennan stað,
enn við ef hefi aukið dygðum,
ætla jeg fyrirgefist það;
sannindin bar að segja þjer,
því sannleikurinn beztur er.

Skýríng
nokkurra orða.

bróðir hels: svefninn.
fagra hvel: sólin.
reginnaglar bókamáls: klerkar.
svarðarlönd: höfuð.




1003357124

